



Samgöngunefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
við Austurvöll
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/2740
komudagur 2.7.2012

Fljótsdalshéraði, 28. júní 2012
nr. erindis 201202029 SSB

393. maí

Á 210. fundi bæjarráðs Fljótsdalshéraðs 27. júní. 2012 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Tillögur til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022 og 2011-2014

Eftirfarandi færð til bókar:


Bæjaráð Fljótsdalshérað fagnar því að Norðfjarðargöng skuli vera komin inn á samgönguáætlun með þeim hætti að framkvæmdir geti hafist strax á árinu 2013. Jafnframt er því fagnað að samþykkt var breytingartillaga sem gerir ráð fyrir að undirbúningi og rannsóknnum vegna Seyðisfjarðarganga verði hagað með þeim hætti að hægt verði að hefja framkvæmdir við jarðgöng undir Fjarðarheiði í kjölfar Norðfjarðarganga og Dýrafjarðarganga.

Að sama skapi vekur það furðu að jafn mikilvægar samgöngubætur og lokaframkvæmdir við Skriðdal um Öxi og um Berufjarðarbotn, auk stækkunar fluglaða við Egilsstaðaflugvöll, skuli hvorki fá úthlutað nauðsynlegu framkvæmdafé né ásættanlegri tímasetningu. Einkum er þetta eftirtektarvert í ljósi þess að verulegt fjármagn, umfram það sem ætlað er í umræddar framkvæmdir, er t.d. eyrnamerkt ferðamannaleiðum, þrátt fyrir þá áherslu sem Austfirðingar hafa lagt á mikilvægi áðurgreindra framkvæmda fyrir búsetu og atvinnulíf á umliðnum misserum.

Einnig vekur það verulega óánægju að ný Lagarfljótsbrú, sem gert var ráð fyrir að væri lokið byggingu á á gildistíma síðustu samgönguáætlunar, skuli nú aiveg vera horfin af áætlun.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. bæjarráðs Fljótsdalshéraðs


Stefán Bragason
skrifstofustjóri

Samrit fá: Þingmenn Norðausturkjördæmis